

# Skagafjarðarveitur ehf.

## Aðalfundur 17.08. 2004

Aðalfundur Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2003 haldinn þriðjudaginn 17. ágúst kl. 15.30 í húsi Skagafjarðarveitna ehf Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

### AÐALFUNDARDAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til samþykktar
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
4. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
5. Breytingar á samþykktum.
6. Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

### AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda Sighvats stjórnarformaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna og gerði að tillögu sinni að Gísli Gunnarsson yrði fundarstjóri og Árni Egilsson fundarritari. Var það samþykkt.

1. Sigrún Alda Sighvats flutti skýrslu stjórnar um starfsemina á liðnu ári.

2. Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG fór yfir og skýrði ársreikning félagsins fyrir árið 2003.

Rekstrarhagnaður félagsins var kr. 12.780.611. Heildareignir félagsins eru að upphæð kr. 404.348.337 og eigið fé kr. 126.753.608

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Gísli Gunnarsson þakkaði skjót viðbrögð stjórnar vegna málefnis Loðskins og einnig góðrar og jákvæðar viðbragða varðandi málefni Versins Háskólasetur Hólaskóla á Eyrinni. Síðan spurði hann um stöðu á lagningu á hitaveitu í Akrahreppi. Kom fram í máli Sigrún Öldu að viðræður hæfust að nýju með haustinu. Páll Pálsson gerði grein fyrir öflum á sjó fyrir Verið, síðan var rætt almennt um viðskipti við Verið.

Ársæll Guðmundsson lýsti ánægju sinni með starfsemi Skagafjarðarveitna. Ræddi hann um framtíðarverkefni Veitnanna.

Gísli Gunnarsson spurði um borun við Kýrholt, Páll gerði grein fyrir stöðu mála.

Ársreikningurinn var síðan borinn upp til samþykktar.

Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

3. Tillaga var borin upp um að hagnaður ársins verði færður óráðstafaður til næsta árs.

Samþykkt samhljóða.

4. Tillaga lögð fram um að þóknun stjórnarmanna fyrir stjórnarstörf verði óbreytt frá fyrra ári.

Viðmiðunarupphæð þóknunar skal vera þingfara kaup, sem er 437.777.- frá 11. maí 2003. Formaður fær 4% af þingfara kaupum fyrir hvern fund. Aðrir nefndarmenn fá 2% af þingfara kaupum fyrir hvern fund.

Orlofsfé er innifalið.  
Samþykkt.

5. Engar breytingar á samþykktum liggja fyrir fundinum.

6. Tillaga um stjórnarmenn og endurskoðanda borin upp:

Aðalmenn: Varamenn:

Sigrún Alda Sighvats Knútur Aadnegard

Gísli Árnason Sigurður Karl Bjarnason

Einar Gíslason Ingimar Ingimarsson

Endurskoðandi:

Kristján Jónasson, KPMG Endurskoðun, Sauðárkróki.

Samþykkt samhljóða.

7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.  
Ekkert lá fyrir þessum lið.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl.  
17.30

Gísli Gunnarsson fundarstjóri (sign.)  
ritari (sign.)

Árni Egilsson